

Viðhorf og virðing

Námskeiðsmappan Viðhorf og virðing er samansafn aðferða til að skapa vettvang fyrir skoðanaskipti, tækla ágreining ásamt fræðslufni um fordóma og rasisma.

Dæmi um aðferðir til að skapa vettvang fyrir skoðanaskipti:

- Munurinn á samræðum og rökræðum
- Fjögur horn – fullyrðingaleikur
- Goðsagnir og mótrök
- Miða-aðferðin – greina á milli aðgerða til langs tíma skamms tíma og strax-aðferða
- Þvertámóti-aðferðin
- Afleiðinga-aðferðin t.d. stoppa alfarið að fólk fái að flytja til landsins
- Línuaðferðin
- Viðhorfsnálgun - Að skapa aðstæður til að sjá hlutina frá fleiri sjónarhornum...

Að tækla ágreining

– ágreiningur byrjar alltaf sem ósamkomulag en fer fljótt yfir í tilfinningar, hræðsla og óryggi er vanalega grunnur ágreinings. Ekki finna lógískar lausnir heldur að byggja á grunnþörfum mannsins, að komið sé fram við hvern og einn af virðingu.

Hvað eru fordómar ?

– þegar einstaklingur eða hópur fólks er dæmdur eftir staðalmyndum en ekki sem einstaklingur þá er um að ræða fordóma.....hringrás fordóma (sjá neðst)

-fordómar geta ekki breyst í kynþáttahatur fyrr en með tilkomu ákveðins valds. Á þess skipta fordómar eða skoðanir ákveðinna hópa litlu máli. (Jeya Wilson)

-meirihluti og minnihluti – Hvað er Íslenskt? Heimurinn með Evrópu í miðjunni. Við okkar heimsmynd, (húð)litur notaður sem skilgreining á góðu og illu í kvikmyndum t.d. Lion King er vondi kóngurinn svartur en góði hvítur....

Hvað er rasismi?

-ólík hugtök. Andlit kynþáttafordóma. Eru kynþáttafordómar á Íslandi?

“Kynþáttahatur verður til af fordómum og nærast á valdi. Kynþáttahatur getur aðeins þrífist þar sem einn etniskur hópur nýtur yfirburðarstöðu og ræður yfir valdi til þess að skilgreina aðra hópa sem verulega frábrugðna og lítilsverðari en hann sjálfan” (Guðrún Pétursdóttir, Fjölmenningarleg kennsla)